RECARO



Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX | AIR CIRCULATION SYSTEM | LIGHT WEIGHT | ECE NORM R 44/04
HERO | ISO FIX | ADVANCED (SIDE) PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

1. tölublað, 1. árgangur

# SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 7. DESEMBER 2017 —



# Fimm alþingismenn búsettir á Suðurnesjum

Nýtt þing tekur nú til starfa eftir kosningar. Á Alþingi sitja fimm þingmenn búsettir á Suðurnesjum. Fram hefur komið að Suðurnesin sitja mjög eftir þegar kemur að fjárveitingum til hinna ýmsu stofnana og málefna vítt og breitt um landið. Fimmmenningarnir verða nú á nýju kjörtímabili að bretta upp ermar og berjast rækilega fyrir okkar hagsmunamálum.

Á forsíðumynd frá vinstri: Vilhjálmur Árnason, Oddný G.Harðardottir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ásmundur Friðriksson, Birgir Þórarinsson.

Við sjáum ekki vindinn



Nýir viðskiptavinir



Næstu skref



pitt.is

Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári

ISNIC
Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU VERÐI
Verið velkomin
Bergsteinar legsteinagerð
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir | Sverrir Einarsson | Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

SOUS VIDE
Sennilega jólagjöfin í ár
Sous vide frá Unold. Heimilistæki til hægeldunar.
Spennandi leið til eldunar og leikur einn.
Tryggir nákvæman kjarnhita og eldamennskan verður óviðjafnaleg.
Tækið hefur fengið verðlaun í Þýskalandi fyrir hönnun.



UNOLD
Frá Þýskalandi
GERMAN DESIGN AWARD SPECIAL 2017
19.900,-
ORMSSON
HAFNARGÖTU 23 - SÍMI 421 1535
Athugið að Vacum-pökkunarvélin er seld sér.

LEIÐARI

# Hvernig væri að hlusta á Helga í Góu

Þjóðin er að eldast. Meðalaldur þjóðarinnar fer hækkandi. Heilsufar fólks er almennt betra en það var á árum áður.Eldri borgurum landsins fjölgar ört. Þetta kallar á úrræði af hálfu sveitarfélaga og ríkisins.



Staðan þannig er þannig núna að við þurfum á fleiri hjúkrunarheimilum að halda víða um landið.Það hafa margir hrokkið við að heyra að um 100 eldri borgarar eru á Landspítalanum,en þyrftu ekki að vera þar ef hjúkrrúnarrými væru til staðar. Það hljóta allir að sjá hversu vitlaust þetta er. Nú þegar allir eru sammála um að byggja upp innviðina hljóta þessi mál að vera þar framarlega. Það þarf að auka framlög mjög mikið til nýbygginga hjúkrunarheimila.

Nú benda margir á að það sé ekki eina úrræðið að byggja og byggja hjúkrunarheimili. Það þurfi að stuðla að því að eldri borgarar geti búið sem lengst á sínu heimili. Það þurfi einnig að efla mjög allt forvarnarstarf svo sem með hreyfingu og annarri líkamsrækt. Mikið rétt. Auðvitað þar að líta á þessi mál í einni stórri mynd.

Þá komum við að baráttumanninum Helga í Góu. Hann hefur marg oft bent á að miklir fjármunir séu til staðar í lífeyrissjóðum landsins. Hverjir eiga þessa peninga? Eru það ekki eldri borgarar?

Helgi bendir á að skynsamlegt væri að lífeyrissjóðirnir stæðu að uppbyggingu h´sunæðis fyrir eldri borgara. Litlar hentugar íbúðir. Þær þyrftu eflaust að vera með mismunandi þjónustu, sumar með litla þjónustu en aðrar þyrftur að vera öryggisíbúðir. Helgi bendir á að lífeyrissjóðirnir þyrftu aðeins að setja örlítið af sínu fjármagi í þessa uppbyggingu. Auðvitað myndu fjármunirnir svo skila sér til baka í lífeyrissjóðina.

Þessi hugmynd Helga er mjög gott innlegg í heildarmyndina,hvernig við getum sem best mætt fjölgun eldri borgara á næstu árum. Það þarf á næstu árum að byggja hentugar íbúðir,það þarf að byggja hjúykrunarheimili og það þarf að stuðla að samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónsutu til að fólk geti sem lengst búið heima.

**Hverjir eiga lífeyrissjóðina?**

Hugmyndir Helga hafa ekki fengið jákvæðar undirtektir hjá lífeyrissjóðunum. Spurningin, hevrjir eiga lífeyrissjóðina hlýtur að vakna í hugum margra. Eru það ekki eldri borgara,sem hafa áratugum saman lagt hluta launa sinna í lífeyrissjóðina? Eiga samtök eldri borgara fulltrúa í stjórn lífeyrssjóðanna?

Ekki er mér kunnugt um það.

Alltaf finnst mér jafn furðulegt að það skulu vera fulltrúar atvinnurekaanda sem skipa mörg af sætunum í stjórn lífeyrissjóðanna. Auðvitað ættu stjórnirnar eingöngu að vera skipaðar fulltrúum eigendanna þ.e. launþeganna og þeirra sem komnir eru á eftirlaun.

Það ber að hlusta á hugmyndir Helga í Góu.

*Sigurður Jónsson*

FRÉTTATILKYNNING

# 8 börn ekki í öryggisbúnaði hjá ökumönnum sem sjálfir voru í beltum

Laus börn í bílum voru 80% en eru nú 2%

Nú liggja fyrir niðurstöður könnunar sem starfsfólk Samgöngustofu og félagar í Slysavarnadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar gerðu á öryggi barna í bílum núna í vor. Könnunin var gerð við 56 leikskóla í 29 þéttbýliskjörnum víða um land og var búnaður hjá 2.060 börnum kannaður. Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar undanfarin 32 ár.

Það vekur athygli að árið 1985 voru um 80% barna alveg laus í bílum en í dag er hlutfall þeirra komið niður í 2%. Í síðustu könnun eru að baki þessum 2% alls 47 ökumenn sem hafa börnin sín beltislaus en auk þeirra voru 108 ökumenn sem höfðu börnin sín aðeins í bílbelti sem er ekki fullnægjandi öryggisbúnaður barna á þessum aldri. Á fyrstu árum þessara kannana voru niðurstöður vægast sagt óásættanlegar eins og sjá má á myndinni hér að ofan.




**28 börn voru ekki í neinum öryggisbúnaði í bíl hjá ökumönnum sem sjálfir voru í öryggisbeltum.**

Ákveðnar undantekningarnar skyggja á annars jákvæðar niðurstöður könnunarinnar. Vitanlega ber þar hæst sú staðreynd að enn skulu finnast tilfelli þar sem öryggi barnanna er ekki tryggt með fullnægjandi öryggisbúnaði – búnaði sem getur skilið milli lífs og dauða ef slys á sér stað. Það vekur athygli að af þessum tilfellum eru samtals 28 börn sem voru ekki í neinum öryggisbúnaði, ekki einu sinni í öryggisbeltum, í bíl hjá ökumanni sem þó gættu þess að vera sjálfir með öryggisbeltin spennt

**Misjafn árangur milli þéttbýliskjarna**

Á myndinni hér að neðan má sjá samanburð milli þéttbýliskjarna hvað varðar notkun á öryggisbúnaði fyrir börn þegar þeim var ekið að leikskólum. Þeir staðir sem eru til fyrirmyndar þetta árið eru Ísafjörður, Selfoss* og Reyðarfjörður en á þeim stöðum voru öll börn í réttum öryggisbúnaði.

Öryggisbúnaður þarf að passa bæði barni og bíl

Þegar valinn er öryggisbúnaður er mikilvægt að gefa sér góðan tíma, skoða heimasíður og kynna sér úrval verslana. Búnaðurinn þarf bæði að passa barninu og bílnum. Hægt er að fá upplýsingar á heimasíðum framleiðenda um hvort búnaðurinn passi í tiltekinn bíl eða í bæklingi sem fylgir honum. Þegar öryggisbúnaður er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. Þótt barn sé í öryggisbúnaði getur það slasast alvarlega eða látið lífið í slysi ef búnaðurinn er ekki rétt festur. Því er mikilvægt að lesa vandlega allar leiðbeiningar sem fylgja bílnum og barnabílstólnum.




# Endurnýjun vinnuvéla

Stjórn Sorepeyðingarstöðvar Suðurnesja bókaði á fundi sínum.“Brennslan í Kölku var stöðvuð vegna viðhaldsvinnu hinn 24. september s.l. og hófst aftur hinn 8. október. Mikill úrgangur berst til fyrirtækisins og hefur í auknu mæli þurft að senda úrgang til urðunar hjá Sorpu. Útboðsverkefni hafa tekið töluverðan tíma eins og fram hefur komið og er frágangur þeirra nú á lokastigi. Eins og fram kemur í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir endurnýjun vinnuvéla og er nú leitað tilboða í mokstursvél sem verður látin leysa af hólmi tólf ára gamla vél sem þarf orðið mikið viðhald. Áætlaður afhendingartími er um þrír mánuðir. Nokkuð hefur verið um fyrirspurnir vegna áætlunar um að hefja flokkun úrgangs við heimili á næsta ári. Vinna við kynningu og undirbúning á verkefninu hefst þegar samningur við nýjan sorphirðuverktaka hefur verið undirritaður og hefst sú vinna væntanlega eftir næstu viku“.

# Byltingin sem rann út í sandinn

Út er komin hjá Veröld bókin Uppreisnarmenn frjálshyggjunnar – Byltingin sem aldrei varð eftir Styrmi Gunnarsson

Árið 1978 kvaddi sér hljóðs ný kynslóð innan Sjálfstæðisflokksins sem var innblásin af hugmyndafræði frjálshyggjunnar. Í áranna rás urðu ýmsir af þessum uppreisnarmönnum frjálshyggjunnar helstu valdamenn í íslensku samfélagi og leituðust við að halda tryggð við hugsjónir sínar.

En hvernig skyldi þeim hafa gengið að auka frelsi hér á landi – og hvaða áhrif höfðu aðgerðir uppreisnarmannanna á þá samfélagsþróun sem leiddi til hrunsins? Hafa íslenskir neytendur í raun einhvern tímann upplifað frjálsa samkeppni?

Styrmir Gunnarsson fer hér af mikilli hreinskilni í gegnum afdrifaríkan kafla í sögu Sjálfstæðisflokksins og íslensku þjóðarinnar. Hann styðst við upplýsingar úr innsta hring – meðal annars einkabréf og samtöl – og horfir til framtíðar þar sem ríkjandi hugmyndum í stjórnmálum og málefnum þjóðarinnar er hafnað.

Uppreinsarmenn frjálshyggjunnar er 234 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Aðalsteinn Svanur Sigfússon hannaði kápu. Bókin er prentuð í Eistlandi.



**SAKRAMENTIÐ** EFTIR **ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON**

# „ALGJÖRLEGA MERGJUÐ“

**BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR, RÁS 2**



„MEISTARAVERK ... VEL RITUÐ, DJÚPVITUR TEXTI.“
GÍSLI HELGASON

„FRAMÚRSKARANDI HÖFUNDUR.“
BOSTON GLOBE




**SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON ER ÁHRIFAMIKIL SKÁLDSAGA UM SEKT OG SAKLEYSI, ÁST OG EFTIRSJÁ, YFIRHYLMINGU OG LEYND.**

*„Sálarangist, trúarefa, ást í meinum og níðingshætti kirkjunnar manna vefur Ólafur Jóhann hér saman af alkunnri kúnst. Örlagasaga úr reykvískum samtíma undra nærri okkur.“*

Páll Baldvin Baldvinsson

**5.**
Metsölulisti Eymundsson
Skáldverk

VERÖLD

# Næstu skref

Reykjanes hafði samband við Magnús Stefánsson til að fá fréttir að næstu skrefum í framhaldi af íbúar Garðs og Sandgerðis samþykktu sameiningu sveitarfélaganna. Magnús sagði: „Íbúar sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðis samþykktu með atkvæðagreiðslu þann 11. nóvember 2017 að sveitarfélögin verði sameinuð. Í sveitarstjórnarlögum er kveðið á um hvernig undirbúa skal gildistöku sameiningar sveitarfélaganna. Fyrsta skrefið er að bæjarstjórnir Garðs og Sandgerðisbæjar skulu hvor um sig velja tvo til þrjá fulltrúa til setu í sérstakri stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sameinaða sveitarfélags. Bæjarstjórnirnar munu væntanlega velja fulltrúana á fundum sínum nú í byrjun desember. Eftir það fer af stað ákveðið verkferli sem felur í sér ýmis verkefni til að undirbúa stofnun nýs sveitarfélags. Sveitarstjórnaráðuneytið mun staðfesta sameininguna þegar það telur að hún hafi verið undirbúin eins og vera ber og gefa út tilkynningu þar um. Kosið verður í bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags í maí 2018 og í framhaldinu mun það taka til starfa.

Eitt af því sem þarf að fá niðurstöðu um er nafn á sameinað sveitarfélag. Ákvörðun um það er í höndum núverandi bæjarstjórna sveitarfélaganna. Gert hefur verið ráð fyrir að um það verði haft samráð við íbúana, en ekki hefur verið ákveðið hvernig nákvæmlega verði að því staðið. Hitt er annað að ákvörðun um nafn sameinaðs sveitarfélags þarf að liggja fyrir á fyrstu mánuðum 2018, vegna þess undirbúnings sem þarf að vinna tímanlega áður en sameiningin tekur gildi“.



# Þörf á framboði eins og Beinni Leið

Bein Leið hefur tekið ákvörðun um að bjóða fram á nýjan leik en undirbúningur er þó ekki hafinn nema að litlu leyti.

Framboðið mun skipa uppstillinganefnd fyrir áramót og síðan verður farið af stað í málefnavinnu fljótlega á nýju ári sem mun byggja á þeirri stöðu sem uppi er.

Við höfum metið það svo að þörf sé á framboði eins og Beinni Leið sem hefur tekið þátt í meirihlutasamstarfi þetta kjörtímabili þar sem þróuninni hefur verið snúið í rétta átt.

Þess vegna tökum við ákvörðun um að halda áfram og fylgja þessu eftir,segir Guðbrandur Einarsson,oddviti Beinnar Leiðar.



# Vinnunni lýkur í maí



Framboðslistinn sem slíkur tekur ekki afstöðu til framboðsmála fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar. Það gerir stjórn fulltrúaráðsins og fulltrúaráðið. Vinnu þessa framboðslista lýkur í maí á næsta ári, segir Árni Sigfúson,oddviti Sjálfstæðismanna.



## Framboðsmálin í Reykjanesbæ

Í maílok á næsta ára göngum við kjörborðinun til að kjósa fulltrúa í sveitarstjórnir landsins. Reykjanes sendi fyrirspurn til þeirra framboða sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn Reykjanesbæjar og spurði hvort undirbúningur að framboði væri hafinn.

# Samfylkingin stefnir hátt

Undirbúningur er þegar hafinn . Samfylkingin mun að sjálfsögðu bjóða fram í næstu sveitarstjórnakosningum. Stefnum hátt og viljum gjarnan halda áfram góðu samstarfi í núverandi meirihluta með Kjartan sem bæjarstjóra efni. Erum bjartsýn m.a. Vegna góðs árangurs á núverandi kjörtímabili,segir Friðjón Einarsson,formaður bæjarráðs og oddviti Samfylkingarinnar.



1. tölublað, 1. árgangur

**Útgefandi:** Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779 **Umbrot:** Vefpressan. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 10.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

Suðurnesjablaðinu er dreift frítt í 10.000 eintökum á öll heimili og fyrirtæki á Reykjanesi.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði



Leiðiskrossar 12 volt, 24 volt og 32 volt. Vönduð íslensk framleiðsla.

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Símar: 554 0661 - 699 2502 - 897 4996



# Nemendur Tónlistarskólans á haustönn 918

Á fundi Fræðsluráðs Reykjanesbæjar fór Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri tónlistarskólans, yfir tölulegar upplýsingar um fjölda nemenda, starfsfólks og stöðugilda. Nemendur í skólanum á haustönn eru 918, þar af 523 í forskóla. Alls er 689 nemendum kennt í grunnskólunum. Heildarfjöldi starfsmanna er 42 en stöðugildi eru alls 31,47.

Haraldur ræddi einnig aðstöðu fyrir tónlistarkennslu í grunnskólum, en fjöldi kennslustofa í sumum skólanna er ekki nægur. Allir reyna að leysa úr málum eins og hægt er en ekki má mikið út af bregða til að skerða þurfi þessa þjónustu.

Grunnskólar hafa hingað til staðið straum af kostnaði við píanóstillingar og viðhald hljóðfæra sem notuð eru við tónlistarkennslu í grunnskólunum. Haraldur telur eðlilegt að tónlistarskólinn greiði þennan kostnað. Ákveðið var að gera ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun tónlistarskólans.

Haraldur lýsti yfir áhuga á að stofna Suzukideild við tónlistarskólann, en tveir kennarar við skólann eru nú í námi í þeim fræðum. Þessir kennarar hafa verið með nemendur í æfingakennslu á blokkflautu og píanó. Einnig hefur fiðlukennari með menntun í Suzukifræðum lýst yfir áhuga á að starfa við skólann.

Nemendum hefur fjölgað en þó ekki í takt við fjölgun íbúa í sveitarfélaginu og biðlisti hefur minnkað, en það er mismunandi eftir hljóðfærum og hægt væri að bæta við nemendum á einhver hljóðfæri. Ekki hefur verið farið í sérstaka kynningu á tónlistarskólanum fyrir íbúa, heldur hafa verkin verið látin tala.

Bjöllukór skólans kom fram á tónleikum með Sigurrós í Toronto í Kanada í sumar og vakti gríðarlega athygli. Yngri bjöllukórinn spilar með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikaröð í Hörpu fyrir jól. Eldri bjöllukórinn mun spila með Sigurrós á tónleikum í Hörpu milli jóla og nýárs.

Haldnir verða á milli 30 - 40 jólatónleikar í ár auk þess sem hópar verða sýnilegir víðsvegar um bæinn og spilað verður á jólaböllum og jólafundum.

Fræðsluráð þakkar Haraldi fyrir góða kynningu. Ráðinu líst vel á og styður það að stofnuð verði Suzukideild við skólann frá og með næsta skólaári.

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

# Sofðu vel um jólin

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum fyrir alla fjölskylduna



**Reverie**

Vönduð stillanleg heilsurúm
með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir motorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

Kíktu á www.reverie.com




**FYLDS'**




FYLDS' heilsurúm fyrir kröfuharða

**BODYPRINT**

Hágæða heilsudýnur
ÞÆR ALLRA BESTU SEM VÖL ER Á

**Þrýstijöfnun er lykilorðið**
**Einstök þrýstijöfnun**
**Réttur stuðningur**

**BODYPRINT POCKET**
**IQ-BODYPRINT 700**
**BODYPRINT 800**




Full búð af rúmum, sófum, hvíldarstólum, sængum, heilsukoddum, sængurverasettum, sloppum og fallegum jólavörum.
**Þú færð jólagjöfina hjá okkur.**

Höfum opnað nýja og glæsilega
vefverslun
svefnogheilsa.is
Opið allan sólarhringinn

**Opið alla daga til jóla**







**Svefn & heilsa**

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
**www.svefnogheilsa.is**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# Grípandi glæpafantasía

## Út er komin hjá Veröld skáldsagan Sólhvörf eftir Emil Hjörvar Petersen



Börn hverfa án ummerkja í myrku skammdeginu og lögreglan er ráðalaus. Þegar fjórða barnið hverfur eftir að faðir þess hefur verið myrtur finnast vísbendingar sem taka af allan vafa um að yfirnáttúruleg öfl séu hér að verki.

Lögreglan fær huldumiðilinn Bergrúnu Búadóttur til liðs við sig og fljótlega slæst Brá, tvítug dóttir Bergrúnar, í hópinn. Þær mæðgur fara ásamt sérfræðingum um vættir og fjölkynngi af ýmsu tagi yfir í Hulduheim í leit að börnunum. Þar upphefst æsispennandi atburðarás með óvæntri framvindu og hrollvekjandi átökum við stórhættulegar vættir sem hafa verið fegraðar í kvæðum og sögum í Mannheimi.

Sólhvörf er grípandi glæpafantasía þar sem norræna spennusagan og íslensk þjóðtrú fléttast saman á einstakan hátt.

Emil Hjörvar Petersen hefur hlotið mikið lof fyrir bækur sínar og um þessar mundir er verið að vinna að gerð sjónvarpsþátta sem byggjast á síðustu bók Emils, Víghólum.

**Úr dómum um Vighóla:**

„Æsileg saga sem er í senn ævintýrasaga og glæpasaga með hraðri og spennandi atburðarás.“ Morgunblaðið

„Mjög skemmtilegur söguheimur … Ofsalega vel heppnað … Það úir og grúir af frábærum kvenpersónum.“ Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni

„Æsispennandi saga.“ Snæbjörn Brynjarsson, stundin.is

„Bókin er mjög spennandi og samtvinnun fantasíu- og glæpasagnaformsins afar vel heppnuð.“ Kristín Magnúsdóttir, starafugl.is

„Spennandi og skemmtileg íslensk fantasía … Bókin er ein af þeim sem helst þarf að klára á einu kvöldi.“ Vilhjálmur A. Kjartansson, Morgunblaðinu

Sólhvörf er 354 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Jón Ásgeir hannaði kápu. Bókin er prentuð í Finnlandi.




# Átakanleg samtíðarsaga




Út er komin hjá Veröld bókin Þrautgóðir á raunastund – 1975–2000 eftir Steinar J. Lúðvíksson

Á árunum 1975–2000 fórust 384 Íslendingar í sjóslysum. Mun fleiri var þó bjargað úr sjávarháska, stundum eftir langa og skelfilega atburðarás þar sem líf sjómanna og björgunarmanna hékk á bláþræði. Hér er fjallað um níutíu af þeim sjóslysum sem áttu sér stað á þessu tímabili og má þar nefna þegar Suðurlandið fórst langt úti í hafi 1986, Helliseyjarslysið 1984, strand Pelagusar 1982, hetjudáðina í Vöðlavík 1993 og frækilega björgun þyrluáhafnar TF LÍF sem bjargaði 39 mönnum úr sjávarháska á nokkrum dögum 1997.

Mörgum atburðanna lýsa menn sem hlut áttu að máli, ýmist sem björgunarmenn eða þeir sem bjargað var. Hér er á ferðinni áhrifamikil og oft átakanleg samtíðarsaga, einn af svipelgustu þáttum Íslandssögunnar.

Steinar J. Lúðvíksson er höfundur ritraðarinnar Þrautgóðir á raunastund sem kom út í nítján bindum á árunum 1969–1988 og naut fádæma vinsælda. Hér tekur hann upp þráðinn þar sem frá var horfið og fjallar um síðasta fjórðung tuttugusta aldarinnar.

Þrautgóðir ár raunastund er 369 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Jón Ásgeir hannaði kápu. Bókin er prentuð í Finnlandi.

FAGLEG, TRAUST OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

VIÐ BJÓÐUM **MEDISMART RUBY BLÓÐSYKURMÆLA**, STRIMLA, BLÓÐHNÍFA OG NÁLAR **FRÍTT** FYRIR ÞÁ SEM ERU MEÐ SKÍRTEINI FRÁ TR.



MJÖG EINFALDUR Í NOTKUN, STÓR SKJÁR, LÉTTUR OG HANDHÆGUR
- „No coding“ þarf ekki að núllstilla
- Þarf mjög lítið magn til mælinga, aðeins 0,6µl
- Mælir blóðsykur á bilinu 1.1 - 35 mmol/L
- Mæling tekur aðeins 5 sek.
- Geymir 480 mælingar í minni
- Hægt að tengja við tölvu

*Apótek Suðurnesja leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum lyf á lágmarksverði, þar sem fagmennska, heiðarleiki og nærgætni við viðskiptavini er í fyrirrúmi.*

APÓTEK SUÐURNESJA 20 ára
Hringbraut 99 - 577 1150

**Opnunartími:** Virka daga frá kl. 9:00 - 19:00 og laugardaga frá kl. 14:00 - 18:00.

# Aflafréttir

## Togararnir hafa veitt mjög vel



Þeim fjölgar aðeins línubátunum sem eru komnir suður til veiða og var Dúddi Gísla GK að koma frá Skagströnd og suður til Grindavíkur. Daðey GK er sömuleiðis kominn af stað frá Grindavík.

Fyrir voru nokkrir línubátar sem voru að róa frá Sandgerði og Grindavík. t.d Líf GK sem er minnsti línubáturinn eða um 7 tonn að stærð. Er búinn að landa 806 kíló í einni löndun. Addi Afi GK 9,8 tonn í 4 róðrum landað í Sandgerði. Dúddi Gísla GK hefur landað 18,8 tonn í 5 róðrum í Grindavík.

Rán GK er með 13 tonn í 4 róðrum og af því var 5,8 tonn landað á Ólafsvík. Og Andey GK sem er aflahæstur hérna á Suðurnesjunum er með 23 tonn í 9 landað í Sandgerði og Grindavík. Daðey GK með 12 tonn í 4 landað sömuleiðis í Grindavík og Sandgerði.

Stærri línubátarnir er ennþá að veiðum fyrir norðan og austan landið og var nokkuð strik sett í fiskflutninganna frá þeim núna í vikunni vegna þess að allir vegir norður og austur lokuðust útaf ófærð og mikils óveðurs.

Sturla GK er með 456 tonn í 5 öllu landað á Siglufirði. Og mest 105 tonn í einni löndun. Fjölnir GK 408 tonn í 4 og mest 115 tonn, öllu landað á Sauðárkróki. Tómas Þorvaldsson GK 318 tonn í 6 landað á Siglufirði og Akureyri. Páll Jónsson GK 312 tonn í 3 landað á Djúpavogi og í Grindavík. Valdimar GK 285 tonn í 5 landað á Dalvík og Siglufirði. Kristín GK 276 tonn öllu landað á Sauðárkróki.

Dragnótaveiði bátanna hefur verið nokkuð góð og er Sigurfari GK aflahæstur bátanna á Suðurnesjunum með 65 tonní 11. Benni Sæm GK 40 tonní 11 Siggi Bjarna GK 37 tonn í 6. Njáll RE 19,1 tonn í 5.

Netaveiðin hefur líka verið nokkuð góð. Nokkrir netabátanna hafa lagt netin sín undir Hafnarberginu og á svæðinu í kringum Eldey. t.d Grímsnes GK, Erling KE og Sunna Líf KE. Þessir bátar hafa þá verið að landa í Sandgerði.. nema Grímsnes GK. Einhverja hluta vegna þá fær ekki báturinn að landa í Sandgerði og hefur hann því landað í Grindavík. Guðjón Bragason skipstjóri á Grímsnesi sem hefur verið skipstjóri á mörgum bátum hefur iðulega látið þá landa í Sandgerði, en einhverja hluta vegna þá fær Grímsnes GK ekki að koma þangað. Hólmgrímur þú kanski kippir þessu í liðinn, og málið er dautt.

Reyndar hafa núna í nóvember tveir bátar á vegum Hólmgríms landað í Sandgerði. Maron GK hefur landað 20,9 tonn í 12 róðrum og af því voru 1,3 tonn lönduð í sandgerði í einni löndun. Halldór Afi GK er með 3,2 tonní 2 sem allt er landað í Sandgerði.

Erling KE er með 83 tonn í 14 og mest 14,6 tonn í róðri. Grímsnes GK 50 tonn í 15. Valþór GK 7,8 tonn í 8 landað í Keflavík og Sandgerði og Sunna Líf KE sem var með 19,5 tonní 10 róðrum. Það sem vekur reyndar mesta athygli við Sunnu Líf KE er að báturinn kom með 13 tonn í aðeins tveimur róðrum. Var fyrri róðurinn 5,8 tonn og sá seinni 7,5 tonn sem er fullfermi hjá Sunnu Líf KE. Var báturinn með netin útaf Stafnesi og landaði þessum afla í Sandgerði.

Togarnir hafa veitt mjög vel og er Sóley Sigurjóns GK kominn með 509 tonn í 5 túrum og landað nokkuð víða, Siglufirði, Ísafirði og Hafnarfirði. Berglín GK er með 364 tonn í 5 og hefur líka landað nokkuð víða. Siglufirði, Ísafirði og Sandgerði.

Þessir fáu trollbátar sem eru hérna hafa líka veitt vel. Áskell EA með 245,9 tonn í 5 og Vörður EA 245,3 tonní 5. báðir landað á Ísafirði og í Grindavík.

*Gísli R.*

# Vöxtur Suðurnesja



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar lét fyrr í haust vinna samantekt um fjárframlög ríkisvaldsins til stofnana sinna á Suðurnesjum. Á opnum fundi sem haldinn var þann 19. október s.l. var kynnt niðurstaða greiningar á framlögum ríkisins til landshlutans, og er óhætt að segja að niðurstöðurnar hafi verið sláandi. Fólksfjölgun hér á Suðurnesjum er fordæmalaus um þessar mundir, íbúum hefur fjölgað um ríflega 5 þúsund manns á undanförnum 7 – 8 árum. Gera má ráð fyrir áframhaldandi vexti, ekki síst í ljósi áætlana um aukin fjölda farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll á næstu árum, og öllum þeim fjölda nýrra starfa sem munu koma til vegna þess. Slíkum vexti fylgir mikið álag á alla opinbera þjónustu, hvort heldur hún er veitt af sveitarfélaginu eða ríkisvaldinu. Í kjölfar þessarar samantektar ákváðu sveitarfélögin á svæðinu að taka höndum saman og fylgja málinu eftir, sem hófst með því að fundað var með fulltrúum fjármálaráðuneytisins. Síðan þá hefur verið fundað með Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Á næstunni verður einnig fundað með fulltrúum Dómsmálaráðuneytisins. Auk framkvæmdastjóra sveitarfélaganna og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sitja forsvarsmenn þeirra ríkisstofnana á svæðinu sem í hlut eiga hverju sinni fundina, þar sem farið er yfir stöðuna og vakin athygli á þróuninni á svæðinu og þeim fjárveitingum sem stofnanirnar fá til að reka starfsemi sína.(Vogahraðferð Ásgeirs Eiríkssonar bæjarstjóra)

# Átakanleg og hrífandi

## Út er komin hjá Veröld skáldsagan Sakramentið eftir Ólaf Jóhann Ólafsson




Nemandi í Landakotsskóla verður vitni að því þegar séra Ágúst Frans skólastjóri hrapar niður úr turninum á Kristskirkju. Tveimur áratugum síðar vill drengurinn hitta nunnuna sem í aðdraganda þessa atburðar var fengin til að rannsaka framkomu skólastjórans við nemendur. Kynni hennar af Íslandi og Íslendingum umturnuðu lífi hennar og hún er enn með hugann við snjóinn í kringum svarta kirkjuna og skólahúsið hjá kirkjunni og líkið í snjónum.

Sakramentið er stórbrotin skáldsaga um sekt og sakleysi, ást og eftirsjá, yfirhylmingu og leynd, vald – og okkar minnstu bræður.

Hér sýnir Ólafur Jóhann Ólafsson allar sínar bestu hliðar: sagan heldur lesandanum föngnum, persónurnar eru ljóslifandi og efnið áhrifamikið. Hann hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir bækur sínar, bæði heima og erlendis, meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin og O. Henry verðlaunin í Bandaríkjunum.

Sakramentið er 346 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Ragnar Helgi Ólafsson hannaði kápu. Bókin er prentuð í Finnlandi.

# Nýir viðskiptavinir kaffihúsa

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra hefur nú sem starfandi ráðherra brett upp ermar og tilkynnt nýja reglugerð,þar sem kaffihúsum og veitingahúsum að gefnum ákveðnum skilyrðum er heimilt að taka á móti köttum og hundum á sín veitingahús.

Fróðlegt verður að fylgjast með þeirri þróun,hvort mörg kaffihús taka þátt í þessu. Það verður ekki síður spennandi að fylgjast með hvað matseðla staðirnir bjóða uppá fyrir þessa nýju viðskiptavini.

Tekið er fram að kettirnir og hundarnir verði að vera í fylgd eigenda sinna, dýrin geta ekki farið ein á kaffihúsin.



Ekki hefur enn sést nein auglýsing frá kaffihúsum á Suðurnesjum sem bjóða ketti og hunda velkomna til sín.

# Sigrar og sorgir hestakonunnar Rúnu

## Út er komin hjá Veröld bókin Rúna – Örlagasaga eftir Sigmund Erni Rúnarsson




Engin íslensk kona hefur unnið jafn glæsta sigra á hestbaki heima og erlendis og Rúna Einarsdóttir – og hún kynnti Orra frá Þúfu til sögunnar, frægasta kynbótahest Íslands. Rúna lifði í vellystingum á glæsilegum hestabúgarði í Þýskalandi og ekkert lát virtist vera á velgengninni. En hér segir ekki einungis frá sigrum Rúnu heldur líka konunni á bak við glansmyndina, einsemd hennar og sorgum, konunni sem á tímabili fannst eins og öll sund væru lokuð.

Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifar af alkunnu innsæi og snilld örlagasögu stúlkunnar sem ólst upp í fásinni og náttúrufegurð í Svínadal í Húnavatnssýslu, konunnar sem náði hæstu hæðum glæsilífs – en líka dýpstu dölum tilverunnar.

Rúna er 200 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Aðalsteinn Svanur Sigfússon hannaði kápu. Bókin er prentuð í Finnlandi.




# American Airlines hefur flug til Keflavíkurflugvallar

Bandaríska flugfélagið American Airlines mun hefja flug milli Dallas og Keflavíkurflugvallar næsta sumar. Fyrsta flugið verður 7. júní 2018 og verður flogið alla daga vikunnar á 176 sæta Boeing 757-200 flugvélum.

Lagt verður af stað klukkan 8:20 að morgni í Dallas og lent klukkan 9:15 að íslenskum tíma (næsta dag) á Keflavíkurflugvelli. Frá Keflavíkurflugvelli verður lagt af stað klukkan 11:10 að morgni og lent í Dallas klukkan 14:50 að staðartíma.

MANITOU
HANDLING YOUR WORLD

NÝ KYNSLÓÐ
skotbómulyftara

HANNAÐUR TIL AÐ
VINNA VERKIN

AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt ökumannshús með góðu aðgengi og útsýni.



- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórntakkar
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómu
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira






Góð viðgerða- og varahlutaþjónusta

Manitou er þarfasti þjónninn í dag til lands og sveita

PON Síðan 1962

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

VIÐTAL







# *Við sjáum ekki vindinn þótt við finnum fyrir honum*

Séra Sigurður Grétar Sigurðsson sóknarprestur Útskálaprestakalls er kominn á ný til starfa efir nokkurra missera dvöl í Noregi. Reykjanes heyrði aðeins í séra Sigurði Grétari.



*Hvernig var dvölin í Noregi?*
Dvölin var góð. Þetta var lærdómsríkt og þroskandi. Við bjuggum í Oppland fylke, nánar tiltekið í Heidal. Heidal státar m.a. af því að vera með flest friðuð hús á einu svæði í Noregi sem eru í fullri notkun. Þetta er landbúnaðar og skógræktarhérað í Norður Guðbrandsdalnum, ca. 300 km. fyrir norðan Osló. Ég þjónaði sókn sem heitir Vågåsókn, ca. 3700 manna samfélag með höfðuþéttbýliskjarna með ca. 2500 íbúum og síðan einn minni þéttbýliskjarna auk búgarða. Ein kirkja er í sókninni frá árinu 1630 en elstu hlutar hennar eru frá 1150. Skírnarfonturinn t.d. frá því um 1200. Meðalaldur íbúanna er fremur hár og þar af leiðandi töluvert magar jarðarfarir á ári. Meðalfjöldi útfara í sókninni undanfarin ár er tæplega 50 talsins meðan í Útskálaprestakalli sem telur 3200 íbúa eru að meðaltali ca. 20 útfarir á ári. Skírnir eru aftur á móti hlutfallslega fleiri hér heima. En þetta er nú oft svona víða á landsbyggðinni. Við kynntumst fjölmörgu góðu fólki og okkur var vel tekið. Lísa mín starfar sem sóknarprestur í nágrannaprestakalli samhliða prestsnámi. Það er 6000 manna prestakall með þremur sóknum, öðru stöðugildi prests og fleira starfsfólki. Í sókninni minni var mun fleira starfsfólk en ég á að venjast hér heima. Það var framkvæmdastjóri í 100% stöðugildi, ritari í 77% starfi, meðhjálpari 20%, organisti í 90%, umsjónarmaður kirkjugarðs sem annaðist kirkjuvörslu, léttara viðhald, allar grafartökur og umhirðu kirkjugarðs í 100% og æskulýðsfulltrúi í 40% stöðugildi. Samtals rúm 4 stöðugildi fyrir utan prest meðan í Útskálaprestakalli erum við kannski að tala um 1,2 stöðugildi í samanlögðu fyrir utan prest. Sóknarnefndir, einkum formaður og gjaldkeri hér heima sinna ýmsum verkefnum sem framkvæmdastjóri sinnir ytra. Auk þess eru verktakar sem sjá um kirkjugarð en legstaðaskrá er á hendi sjálfboðaliða.

*Hugsa Norðmenn öðruvísi en Íslendingar?*
Það sem er helst áberandi er að þeir skipuleggja hlutina langt fram í tímann. Sumum myndi finnast þeir fundaglaðir meðan við erum oft svolítið spontant. Hvoru tveggja hefur sína kosti og galla. Til gamans má geta þess að í lok ágúst vorum við hjónin að ræða saman í síma um messuskipulag í september. Ég var að segja henni hvernig þessu yrði háttað hér og hún hvernig því yrði háttað í hennar söknum í Noregi. Munurinn var hins vegar sá að ég var að tala um september 2017 en hún um september 2018. Við getum margt lært af Norðmönnum og þeir geta margt lært af okkur. Ég get auðvitað ekki alhæft um fimm milljón manna þjóð eftir að hafa búið á tilteknu svæði í tæp tvö ár. En það fólk sem við kynntumst var almennilegt og kurteist. Margir frekar til baka. Einhverntíman þegar ég furðaði mig á því að hafa ekki orðið var við neinn almennan söng þar sem átti að vera almennur söngur þá var mér tjáð að Norðmenn syngi inni í sér. Ég lagði nú mitt að mörkum til að breyta því með ágætum árangri skilst mér. Okkur var allstaðar vel tekið, þeir virðast hafa býsna gott umburðalyndi gagnvart tungumálinu en það gæti m.a. stafað af því að það eru svo margar mállýskur í Noregi að þeir eru vanir því að fólk tali ekki alltaf eins. T.d. er nýnorsk notuð þar sem ég þjónaði en bókmál þar sem Lísa þjónar og eru þetta þó samliggjandi prestaköll. Ég gæti sagt enn meira en læt hér staðar numið.
Nú hafa Garðmenn og Sandgerðingar samþykkt að sameinast í eitt sveitarfélag.

*Hvernig líst þér á?*
Mér líst bara ljómandi vel á þetta. Ég þekki s.s. ekki annað en að hafa þjónað bæði Garðbúum og Sandgerðingum enda hafa þessi sveitafélög tilheyrt sama prestakalli um langa hríð. Garður verður alltaf Garður og Sandgerði alltaf Sandgerði þó finna þurfi eitthvað stjórnsýslunafn á hið nýja sveitafélag. Þar hefur mörgum ágætum hugmyndum verið kastað á loft. Það sem hér skiptir talsverðu máli er að um er að ræða tvö sveitafélög af sambærilegri stærð þannig að ekki þarf að óttast að annað gleypi hitt. Samstarf hefur verið mikið og farsælt og því tel ég að þetta gangi greiðlega fyrir sig. Þeir voru nú svo innilegir forsetar bæjarstjórnana Einar Jón og Óli Þór á forsíðunni hjá ykkur á dögunum að ég beið bara eftir að síminn myndi hringja og ég beðinn um að gefa þá saman J.

*Mikil átök eiga sér stað innan þjóðkirkjunnar. Hvernig lítur þú á stöðu þjóðkirkjunnar?*
Það er nú ekkert nýtt að átök eigi sér stað innan þjóðkirkjunnar. Þar sem eldur brennur er stundum neistaflug. Átök eru vissulega misdjúp og mis áberandi og því miður eru það oftast átökin sem rata í fjölmiðla en ekki hið blómlega starf sem á sér stað um allt land. Staða Þjóðkirkjunnar er mjög sterk að mínu mati vegna þess að hún á sterkar rætur hjá Þjóðinni. Það sem mér þykir dapurlegast er að einhver skuli skrá sig úr Þjóðkirkjunni til að tjá mótmæli eða vanþóknun á einhverjum ákvörðunum eða skoðunum biskups. Sá hinn sami gæti hins vegar verið mjög sáttur við sína heimakirkju og e.t.v. tekið þátt sjálfur eða þá börn viðkomandi. Úrsögnin þýðir hins vegar að heimasóknin fer á mis við sóknargjöld viðkomandi sem eru þeir fjármunir sem notaðir eru til reksturs safnaðarstarfs s.s. barna og æskulýðsstarfs. Ég leyfi mér að hvetja alla sem vilja að þjónusta kirkjunnar sé til staðar í sinni heimabyggð að standa vörð um kirkjuna sína, tala hennar máli, gagnrýna með málefnalegum hætti og muna að kirkjan er fólkið sem henni tilheyrir. Kirkjan er ekki bara við prestarnir eða stjórnsýslan á Laugarveginum.

*Er ungt fólk eins trúað í dag og það var áður?*
Ég hef ekki gert vísindalega könnun en mín tilfinning er sú að ungt fólk er fyrst og fremst betur meðvitað um sína trú. Það spáir oft meira í hlutina, tekur ekki öllu sem gefnu og leyfir sér að standa með sjálfu sér og sínum skoðunum. Það er vel. Hins vegar rata fullmargir að sleggjudómum og afgreiða trúna á allt of einfaldan og ódýran hátt. Það er svo margt í lífinu sem við getum ekki séð. Við sjáum ekki vindinn þó við finnum fyrir honum og sjáum áhrif hans. Við sjáum ekki rafmagnið þó við njótum þess á hverjum degi. Mér finnst við oft á tíðum gleyma sambandinu milli kristinnar trúar í samfélaginu og velferðar almennings. Af hverju þykir okkur sjálfsagt að borga í heilbrigðiskerfi sem hjálpar fólki sem við sjálf þekkjum ekki neitt? Af hverju þykir okkur sjálfsagt að standa vörð um mannslíf eins og kostur er? Þetta væri hægt að ræða í löngu máli.

*Verður mikið um að vera í prestakallinu nú í jólamánuðinum?*
Desember einkennist af föstum liðum sem koma ár eftir ár. 3. desember er 1. s.d. í aðventu og þá er jafnframt kirkjudagur kvenfélagsins Gefnar í Útskálasókn kl. 14. Þær konur taka þátt í messunni þann dag og hafa svo árlegan basar sinn á eftir. Einnig er messa í Hvalsneskirkju kl. 17. 17. desember eru síðan aðventuhátíðir í Útskálakirkju kl. 17 og Safnaðarheimilinu í Sandgerði kl. 20. Þar er mikil tónlistarveisla auk talaðs máls. Aðfangadag, 24. des. verður sú nýjung í prestakallinu að fjölskyldujólamessa verður kl. 16.00 í Safnaðarheimilinu í Sandgerði. Síðan verður miðnæturmessa kl. 23.30 í Útskálakirkju. Þessar messur eru sameiginlegar fyrir báðar sóknir. Á Jóladag verða síðan hátíðarmessur kl. 14 í Hvalsneskirkju og kl. 16 í Útskálakirkju. Á Gamlársdag verður síðan sameiginleg hátíðarmessa í Útskálakirkju kl. 14.00.




# Gallerí skart í Garðinum

Reykjanes heimsótti einn daginn hjónin Brybleif H.Jónsson og Vilborgu Auðusndóttur að Valbraut 7 í Garðinum. Þau hjón vinna við að útbúa alls konar listmuni,hvort sem um er að ræða skartgripi,steina,kerti eða annað fallegt.

Þau framleiða einnig steina með Víkingarúnum,sem eru í poka,þar sem maður getur dregið sér stein með rúnaspádómum,með vísbendingum hverju sé von á. Leiðbeiningarnar eru bæði á íslensku og ensku. Brynleifur sagði erlenda ferðamenn mjög hrifna af þessu og að salan væri góð.Hér væri nefnilega um alveg sére íslenskt að ræða.

Þetta litla sprotafyrirtæki er þriggja ára og sögðust þau Vilborg og Brynleifur að þetta þróaðist í rétta átt og það væri sífelld aukning í sölu.

Þau eru að þróa nýja vöru sem kemur á markaðinn nú fyrir jólin. Kerti í þar til gerðu hrauni af Reykjanesinu.

Hvar fást vörurnar

Það var forvitnilegt og gaman að skoða framleiðsluna. Það geta örugglega allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Tilvalið að velja sér eitthvað eða til að gefa nú um jólin.

*Hvar er svo hægt að skoða og kaupa?*

Á Valbraut 7 í Garðinum. Síminn er 899-3877 eða 865 2818.

Gjafir jarðar Laugavegi 12 í Reykjanvík

Betra líf í Kringlunni

Epal í Reykjavík selur Rúnasteinana

Hans og Gréta Vesturbraut 8 í Keflavík

Brynleifur segist svo oft vera beðinn um kynningar hjá félagasamtökum. Þau eru einnig á facebook, gallerí skart.

# Library Bistro opnar á Park Inn

Glæsilegur veitingastaður hefur opnað á Park Inn hótelinu. Miklar breytingar hafa staðið yfir á síðustu mánuðum á hótelinu. Nýi veitingastaðurinn Library Bistro bar er hinn glæsilegast í alla staði.













# Mikið stuð á jólabingó Kvenfélagsins

Jólabingó Kvenfélagsins í Grindavík fór fram með miklum glæsibrag fyrir stuttu. Fjölmargir glæsilegir vinningar komu í hlut heppinna bingóspilara þennan dag. Kvenfélag Grindavíkur vill koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem styrktu viðburðinn, bæði með vinningum og beinum peningastyrkjum. Einnig vill félagið þakka öllum þeim sem mættu og spiluðu bingó.(Heimasíða Grindavíkur)



# Viðauki til skólasels

Á fundi bæjarráðs Grindavíkur lá fyrir beiðni um viðauka vegna skólasels

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka á launaliði skólasels að fjárhæð 3.070.000 sem verði fjármagnaður með hækkun tekna skólasels að fjárhæð 830.000 og lækkun á handbæru fé að fjárhæð 2.240.000 kr.

# Beiðni hafnað

Bæjarráð Voga tók fyrir erindi frá: Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, sækir um fjárstyrk vegna starfseminnar 2018

Afgreiðsla bæjarráðs:

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

# Slæmt ástand í Garðinum

Athygli vekur að aðeins 79% er með réttan öryggisbúnað í Garðinum. Í Reykjanesbæ eru 94% með réttan búnað og 91% í Grindavík.

# Hegðunarráðgjafi ráðinn

Á fundi Fræðsluráðs Reykjanesbæjar 24.nóvember s.l. var eftir farandi bókað: „Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur skólaþjónustu kynnti verkefni skólaþjónustunnar á síðasta skólaári og ársskýrslu skólaþjónustu Reykjanesbæjar þar sem fram koma lykiltölur fyrir skólaárið 2016 – 2017. Skýrslunni er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar og umfang hennar. Fram kom m.a. að börnum á biðlista eftir aðkomu skólaþjónustu hefur fækkað og biðtími hefur farið minnkandi. Heildarfjöldi tilvísana til skólaþjónustu skólaárið 2016 – 2017 voru 284. Starfsmenn skólaþjónustu voru 13 í 11,3 stöðugildum við lok skólaárs.

Einnig kynnti Einar skýrslu um sálfræðiþjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja skólaárið 2016 - 2017. Viðvera í fjölbrautaskólanum er þrjá daga í viku. 58 nemendur óskuðu eftir föstum viðtalstímum á síðasta skólaári en einnig er boðið upp á opna viðtalstíma sem ekki þarf að bóka fyrirfram.

Ráðinn hefur verið hegðunarráðgjafi en hann mun veita sérhæfða ráðgjöf til starfsmanna skóla og foreldra.

Unnið hefur verið að því að kortleggja umfang vanda vegna ófullnægjandi skólasóknar. Gefnir hafa verið út nýir verkferlar sem ætlað er að draga úr vandanum.

Fræðsluráð þakkar Einari fyrir góða kynningu“.

# Tekjuviðmið hækkað í Grindavík

Á fundi bæjarráðs Grindavíkur 21.nóvember s.l. var tekið fyrir: „Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum: Tekjuviðmið 2018

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hækka tekjuviðmið á árinu 2018 um 3%“.

# Styrkur samþykktur

Bæjarráð Voga tók fyrir beiðni um fjárstuðning við forvarnarstarf Saman-hópsins, félags um forvarnir. - 1711025

Saman-hópurinn sækir um fjárframlag vegna starfseminnar 2018

Afgreiðsla bæjarráðs:

Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 20.000


et ehf. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði





AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík

S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is


MARÁS
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111
FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.
YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN
Prestolite electric
Poly Flex AUSTRALIA
Navalloy
MAESTRINI
maxflex
TEIGNBRIDGE
rule
SIMRAD
Siglinga og fiskileitartæki
Sjálfstýringar
Kortaplotter
GPS/Gýró
Útistýri
Radarskannar
Radarskjáir
Botnstykki
Dýptarmælar
Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
jóla- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt nýtt ár.


LEMGA milliveggjasteinar
Framleiddir úr hita- og þrýstihertri steypu
Uppfylla íslenskar reglugerðir
Basískir og innihalda ekki lífræn efni
Myglusveppir þrífast ekki í þeim
Tæknilegir eiginleikar
Brunaþol A1 skv. EN 13501
Hljóðeinangrun skv. EN 12354
Rúmþyngd 0,5 kN/m3
Þrýstistyrkur >5 MPa
Varmaleiðni 0,13 [W/(m*K)
Eiginþyngd 6,0 kN/m2
Leyfileg þrýstispenna 1,0 MN/m2
Gufumótstaða 5/10
Brunaþolsflokkur A1
Hurðastykki
Lengd: 499 mm
Hæð: 499 mm
Breidd: 115 mm
Lengd: 1250 mm
Hæð: 125 mm
Breidd: 115 mm
Lengd: 499 mm
Hæð: 499 mm
Breidd: 50 mm
Staðall
ÍST EN 771-4:20011+A1:2015
Leyfileg frávík
Lengd og breidd ± 1,5mm
Hæð ± 1,5mm
Múrefni
LEMGA múrefni skv. EN 998-2
STEYPUSTÖÐIN
Malarhöfða 10 | 110 Reykjavík | Sími 4 400 400 | www.steypustodin.is

# Gjaldtaka hefst



Isavia mun hefja gjaldtöku á stæðum fyrir hópferðabifreiðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 1. mars næstkomandi. Um er að ræða stæði fyrir þau hópferðarfyrirtæki sem greiða ekki nú þegar fyrir aðstöðu. Þetta er í takt við þá stefnu Isavia að tekjur af hverju svæði í umferðarskipulagi standi undir þeirri þjónustu sem þar er veitt og framtíðaruppbyggingu. Auk þess er mikilvægt fyrir Isavia að styrkja óflugtengda tekjustofna, en þannig er unnt að standa straum af mikilli uppbyggingu sem fyrirhuguð er á Keflavíkurflugvelli án þess að flugtengd notendagjöld verði ósamkeppnishæf við erlenda flugvelli.

Hópferðabifreiðastæðin er með með síðustu þjónustuþáttum í umferðarskipulagi þar sem Isavia hefur gjaldtöku. Lengi hafa þau hópferðafyrirtæki sem hafa aðstöðu nær flugstöðinni og sölubása inni greitt fyrir sína aðstöðu. Bílastæði fyrir einkabíla hafa verið háð gjaldtöku um árabil, bílaleigur greiða fyrir sína aðstöðu og nýverið var tekin upp gjaldtaka fyrir leigubílastæði. Þessi nýja gjaldtaka er því í takt við það sem áður hefur verið ákveðið og kynnt. Sett verða upp aðgangsstýrð hlið og aðgangskort verða aðeins veitt fyrirtækjum sem hafa gilt hópferðaleyfi.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar: „Eins og komið fram eru gríðarlegar fjárfestingar framundan á Keflavíkurflugvelli og þurfa þær að gerast hratt. Isavia hefur unnið að því síðustu ár að efla tekjustofna til þess að félagið geti fyrir sjálfsaflafé staðið straum af stærsta framkvæmdatímabili í sögu Keflavíkurflugvallar.“

Verðskrá er þannig að smærri hópferðabifreiðar með 19 eða færri sæti greiða 7.900 og stærri bifreiðar með 20 sæti og yfir greiða 19.900 krónur. Einungis er greitt fyrir hvert skipti sem farþegar eru sóttir en ekki þegar farþegum er hleypt út við flugstöðina.



# Megum ekki sofna á verðinum

Þann 1. nóvember 2017 höfðu alls 1.545 manns látist í umferðinni á Íslandi frá því að skipt var yfir í hægri umferð 26. maí 1968. Að meðaltali hefur umferðarslysum fækkað mikið undanfarna áratugi, sérstaklega banaslysum. Árin 2007-2016 létust að jafnaði 12,3 á hverju ári í umferðinni. Næstu 10 ár þar á undan (1997-2006) létust að jafnaði 24,4 á ári. Því má ætla að með betri bílum, betri vegum og betri hegðun ökumanna hafi tekist að bjarga um 12 mannslífum á hverju ári síðustu 10 árin.

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu og leiðbeiningar sem m.a. hefur leitt til breytts viðhorfs til áhættuhegðunar eins og hraðaksturs og ölvunaraksturs. Nýrri tækni fylgja nýjar áskoranir og er farsímanotkun við akstur áhættuhegðun sem hefur stórlega aukist á undanförnum árum og hefur mikil áhrif á hegðun ökumanna og veldur það hvað mestum áhyggjum í umferðaröryggismálum heimsins í dag. Samgöngustofa hefur á undanförnum árum staðið fyrir herferðum gegn farsímanotkun undir stýri sem hefur verið sérstaklega beint að ungu fólki. Á þessu ári hefur verið veitt aukið fjármagn í þessa baráttu og eru í því sambandi ýmiss verkefni nú þegar í framkvæmd og í undirbúningi. Ökumenn eru hvattir til þess að „gera ekki neitt“ þegar síminn kallar á athygli þegar þeir eru að keyra.

Miklar kröfur eru gerðar til öryggis bifreiða og samgöngumannvirkja og áhersla lögð á skilvirka löggæslu. Framan af þessari öld hefur umferðarslysum fækkað og lengst af höfum við verið meðal þeirra þjóða sem hvað bestum árangri ná í umferðaröryggismálum. Nú stefnir hinsvegar í aðra átt. Árið 2015 fjórfaldaðist fjöldi látinna frá árinu 2014, fór úr 4 í 16 manns. Árið 2015 var fjöldi látinna 18 og árið 2016 var fjöldi látinna 16. Það sem af er þessu ári hafa 13 manns látið lífið í umferðinni.

Á fyrstu 8 mánuðum ársins 2017 er fjöldi alvarlega slasaðra og látinna 133 en var á sama tímabili í fyrra 145.




# Maðurinn bak við röddina

Út er komin hjá Veröld bókin Gunnar Birgisson – Ævisaga eftir Orra Pál Ormarsson

Líf Gunnars Birgissonar hefur ekki verið neinn dans á rósum. Hann ólst upp við lítil efni og var hálfgerður einstæðingur; átti fjölda hálfsystkina og uppeldissystkina en var meira og minna á eigin vegum frá unglingsaldri. Fljótlega kom í ljós að Gunnar er hamhleypa til verka, hann braust til mennta og þegar hann fann fjölina sína sem verkfræðingur og síðar stjórnmálamaður var fátt sem gat stöðvað hann.

Í þessari hressilegu og einlægu bók segir af skrautlegri fjölskyldusögu Gunnars en líka Dagsbrúnarverkamanninum sem varð umsvifamikill framkvæmdamaður og einn af forystumönnum atvinnurekenda í þjóðarsáttinni, átökum í pólitíkinni þar sem hann dregur ekkert undan – og ástinni sem hann fann á ljósum hesti á Hrauni í Ölfusi.




Bráðskemmtileg og fróðleg bók eftir Orra Pál Ormarsson sem sýnir svo ekki verður um villst að það er gott að lesa ævisögu!

Gunnar Birgisson – Ævisaga er 272 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Aðalsteinn Svanur Sigfússon hannaði kápu. Bókin er prentuð í Finnlandi.

# Kerrurnar frá Humbaur hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg,
mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan.
Verð kr: 399,000. - án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg,
mál frá 2.65x1.65m til 6.10x2.48m.



Load-Master, 750kg sleða-fjórhjóla-golfbílakerra, sturtanleg,
mál: 305x166cm.
Verð kr: 270,000,- án vsk.

Ýmsar gerðir og möguleikar **HUMBAUR**

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

# Nýtt á Íslandi frá Wörmann kerrum!



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.



WC-vagn ýmsar útfærslur. Leitið upplýsinga.

**WÖRMANN**
world of trailers

# JÓLATILBOÐ

## Völundarhús býður 20% afslátt af öllum GARÐHÚSUM

miðað við verð án fylgihluta á heimasíðunni okkar.
Einnig af Sky 15 - 3 garðhúsinu/gestahúsinu og Sky 15 - 44 gestahúsinu.
Einnig bjóðum við 5% aukaafslátt af völdum gestahúsum.

VH/17-02



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS**
*sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

Tiboð þetta gildir til 31. desember eða á meðan byrgðir endast. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

**völundarhús.is**
*Vel valið fyrir húsið þitt*

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslu lán · VISA Lán



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

**www.volundarhus.is**







RÚM • SÓFAR • HVÍLDARASTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

## VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD